



Hulduheimar



Rýmingaráætlun-viðbragðsferli vegna brunaboða

Brunaboði fer í gang.

- Leikskóla- og aðstoðarleikskólastjóri fara að brunaboða og slökkva á ýlu, athuga hvaðan brunaboðið berst, kanna aðstæður og láta vita. Ef augljós eldur er brunaboði ræstur aftur og rýming hefst.
- Starfsfólk og börn fara í röð við neyðarútgang í því rými sem þau eru og bíða frekari fyrirmæla. Ef brunaboði fer aftur af stað á að rýma. Ef eldur eða reykur er í rýminu, þá er farið strax út. Deildarsími og lpad er tekið með út.

Rýming.

- Starfsmaður í hverju rými tekur öryggispoka sem hangir við neyðarútganga og fylgir börnum á rétt svæði, fyrsta val er að börn fari út á leikskólalóðina en ef aðstæður bjóða ekki upp á það er farið út bílastæðamegin.
- Starfsmaður á deild tekur með síma og l-pad.



· **Hlynskógar** fara upp á hól hjá fánastöng eða í skotið við starfsmannainngang

· **Sólbakki** fer við safnkassa við norðurenda húss nálægt deildinni eða við hliðið utan lóðar norðanmegin

· **Kirsuberjadalur** fer að stóra sandkassanum eða til hliðar við inngang eldri megin

· **Smálönd** fer að litla sandkassanum eða við geymsluna utan lóðar

· **Sjónarhóll** fer að litla kastalanum eða við hliðið utan lóðar sunnanmegin

· **Kattholt** fer að dótaskúrnum eða til hliðar við inngang yngri megin



· **Eldhússtarfsfólk** fer út við næsta neyðarútgang og býður fram aðstoð þar sem þörfin er

· **Deildarstjórar** eða staðgenglar þeirra taka manntal og bíða frekari fyrirmæla

